



## Fundargerð nr. 20

### Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 13.01.26
<b>Fundartími:</b>	19:30-21.30
<b>Fundarmenn:</b>	Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður Rúnar Magnússon aðalmaður Harpa Magnúsdóttir aðalmaður Hafdís Gígja Björnsdóttir varamaður Sigurður Ingi Sigurðsson aðalmaður fjarverandi Guðmunda Bríet Steindórsdóttir frá æskulýðsráði Victor Victorsson frá æskulýðsráði Hanna Dóra Höskuldsdóttir frá æskulýðsráði Halla Kjartansdóttir 60+ Helena Hólm 60+

*Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.*

- 60 plús skipulag fyrir vorið/ finna dagsetningu fyrir Þorrablót. Ákveðið að bera upp dagsetninguna 19. Febrúar á næsta hitting sem er á morgun 14. Janúar. Heyra í Kjötúrinu varðandi matinn, Harpa sér um það. Rætt um að fá tónlistaratriði og hafa sömu uppsetningu og í fyrra. Halda áfram með hittinga á 3 vikna fresti fram á vorið og enda með grillveislu eins og undanfarin ár. Hugmyndavinna um uppbrot í hittingunum.
- Hugmynda vinna fyrir Fjör í Flóa. Búið að ákveða og skipuleggja gönguferð á föstudagskvöldinu og leggja grunn að dagskrá á laugardeginum, með svipuðum sniði og undanfarin ár, með kvöld/kosningavöku á laugardagskvöldinu. Ákveðið að sleppa hoppuköstulum í ár og hafa aðra afþreyingu.
- Ungmennaráð festa dagsetningar fyrir opið hús fram á vor. 28. Janúar, 18. Febrúar, 18. Mars og 15. Apríl. Augýsa í Áveitunni.
- Tekið fyrir erindi frá sveitarstjórn varðandi sýninguna Future frá Jóel Sæmundssyni og stungið uppá því að fá hann inná árshátíð sveitarfélagsins ef slík yrði haldinn.
  - Önnur mál.
    - Ákveðið að hefja blakæfingar. Guðmunda og Hanna Dóra taka.
    - Rætt um aðventuhátíðan. Mikil gleði með hana og alla umgjörð. Fengum ekki styrk í ár.
    - Rætt um að safna gögnum fyrir næstu nefnd.